

Forsaga Fjölbrautaskóla Suðurnesja í hnotskurn.

Gagnfræðaskóli Keflavíkur stofnaður 1952. Fyrsti vísir að framhaldsmenntun á Suðurnesjum.

Í apríl 1972 kom fram álitssgerð frá Menntamálaráðuneytinu, þar sem lagt var til að starfræktir væru 1. og 2. bekkur menntaskóla.

Í apríl 1973 fór Fræðsluráð Keflavíkur þess á leit við Menntamálaráðuneytið að stofnsettur yrði 1. bekkur menntaskóla við Gagnfræðaskóla Keflavíkur, og var það leyfi veitt og tók 1. bekkur til starfa 1973 - 4 í fyrsta sinn, - í tengslum við Menntaskólann við Hamrahlíð og var þeim skóla falin umsjón með námsefni og prófum.

Fræðsluráð Keflavíkur sótti um leyfi til starfrækslu annars bekkjar í febr. 1974. Þeirri beiðni var synjað - þar eð frekari rannsóknir þurftu að fara fram varðandi skipulag framhaldsnáms á Suðurnesjum.

11. okt. 1974 var skipuð nefnd til að athuga skólamál á Suðurnesjum með tilliti til þess hvort heppilegt teldist að stofna fjölbrautaskóla.

Nefndin gerði könnun á stöðu skólamála á svæðinu, fjölda nemenda, gerði tillögur um námsbrautir og húsnæði fyrstu árin. Síðan var stofnuð önnur nefnd er kallaðist Samstarfsnefnd um stofnun fjölbrautaskóla á Suðurnesjum.

Fyrsti fundur Samstarfsnefndarinnar var haldinn 11. des. 1975. Fundinn sátu fulltrúar allra sveitarfélaganna sunnan Hafnarfjarðar, nema Grindavíkur. Hann kom síðar. Nefndina skipuðu: Eggert Ólafsson, Hafnarhreppi, Guðrún Sigurðardóttir, Gerðahreppi, Gunnar Sveinsson, Keflavík, Hreinn Ásgrímsson, Vatnsleysustrandarhreppi, Ingvar Jóhannsson, Njarðvík, Jón Hólmgeirsson, Grindavík og Sigurður Ólafsson, Miðneshreppi.

Formaður nefndarinnar var kjörinn Gunnar Sveinsson, Keflavík. Ritari: Hreinn Ásgrímsson, Vatnsleysustrandarhreppi.

Náð samstarf var með nefndinni og skólastjóra Gagnfræðaskóla Keflavíkur, Rögnvaldi Sæmundssyni og Ingólfi Halldórssyni, skólastjóra Iðnskóla Suðurnesja. Sátu þeir flesta fundi nefndarinnar og tóku þátt í viðræðum við Menntamálaráðuneytið.

Þegar á fyrsta fundi var samþykkt álitssgerð þess efnis að stofnaður yrði fjölbrautaskóli á Suðurnesjum sem tæki til starfa haustið 1976. Nefndin samþykkti og að taka á leigu ef unnt væri, hluta nýbyggingar Gagnfræðaskóla Keflavíkur svo og Iðnskóla Suðurnesja allan og leysa þannig húsnæðismál hins nýja skóla un stundarsakir.

Bæjar- og sveitarstjórnarmenn, ásamt þingmönnum kjördæmisins virtust sammála um nauðsyn skólans.

Á áðurnefndum fundi þann 11. 12. 1975 var samþykkt að senda Menntamálaráðuneytinu bréf um málið og skýra álit nefndarinnar.

Á fundi, 27. 01. 1976 með talsmönnum ráðuneytisins kom í ljós mjög jákvæð afstaða af þeirra hálfu, varðandi stofnun fjölbrautaskóla, en þeir voru andvígir hugmynd um menntaskóla.

Menntamálaráðuneytið samþykkti að gera áætlun um kostnað við skólann á fyrsta og öðru ári, svo og áætlun um námsefni og brautaval.

Á fundi með fulltrúum menntamálaráðuneytisins í febr. 1976 kom í ljós, að ráðuneytið gerði í upphafi ekki ráð fyrir fjölbrautaskóla á Suðurnesjum sem sér stofnun, heldur ættu Gagnfræðaskólinn í Keflavík og Iðnskóli Suðurnesja að annast framkvæmd þessa skólahalds.

Á þeim sama fundi tilkynnti skólastjóri Iðnskóla Suðurnesja, að hann og skólanefnd Iðnskólans væru hlynntir því að leggja skólann undir væntanlegan fjölbrautaskóla.

Á sérstökum fundi nefndarinnar síðar í feb. 1976, var nefndin sammála um að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að stofna fjölbrautaskóla á Suðurnesjum, m.a. vegna ýmissa atriða, svo sem væntanlegra nemenda, stjórnunaratriða og kostnaðarskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga.

Á þessum fundi var og ákveðið að eftirtaldar brautir yrðu við skólann; menntaskólabr., viðskiptabr., uppeldis- og hjúkrunarbr., iðn- og tæknibraut. Ingólfur Halldórsson og Rögnvaldur Sæmundsson skyldu annast framkvæmd og kennslulega skipulagningu.

Könnun á hugsanlegum fjölda veturinn 1976 hjá nemendum á Suðurnesjum sýndi að væntanlegur fjölbrautaskóli fengi hugsanlega um 270 nem.

Fræðslustjóri Reykjanesumdæmis, Helgi Jónasson, sat fund með nefndarmönnum þann 12. 03. 1976. Var hann hlynntur fjölbrautaskóla, en taldi æskilegt að fjölbrautaskóli og iðnskóli yrðu aðskildar stofnanir.

Fundur 23. 03. 1976 sendi bæjar- og sveitarfélögum samningsuppkast um þátttöku í stofnkostnaði og rekstri fjölbrautaskóla á Suðurnesjum og var því alls staðar mjög vel tekið.

Fundur var haldinn með Vilhjálmi Hjálmarssyni menntamálaráðherra, Birgi Thorlacius, ráðuneytisstjóra, Árna Gunnarsyni, deildarstjóra, Indriða Þorlákssyni, deildarstjóra, og Stefáni Ó. Jónssyni fulltrúa, þann 27. 04. 1976.

Þar var endanlega ákveðið að stofna "Fjölbrautaskóla Suðurnesja" Auglýsa skyldi stöður sem fyrst og vinna þá undirbúningsvinnu sem eftir væri.

Skólinn var formlega stofnaður með samningi 11. júní 1976 milli menntamálaráðuneytisins annars vegar og fulltrúa sveitarfélaganna sjö hins vegar.

Rögnvaldur Sæmundsson skólastjóri og Jón Böðvarsson, menntaskólakennari sóttu um stöðu skólameistara. Meirihluti nefndarinnar mælti með ráðningu Jóns Böðvarssonar og var hann settur til eins árs 1. ágúst s.l..

Samið hefur verið um skólaakstur og mótuneyti fyrir nemendur og í ráði er að starfrækja öldungadeild við skólann. Stefnt er að því að koma á fót bókasafni í samvinnu við Gagnfræðaskólann í Keflavík.

Ingólfur Halldórsson fyrrv. skólastjóri Iðnskóla Suðurnesja hefur verið settur yfirkennari hins nýja skóla.

Skólameistari, Jón Böðvarsson, hefur setið nokkra fundi með samstarfsnefndinni og unnið að skipulagningu skólans síðan hann var settur.

Ráðningu kennara er lokið og hafa flestir kennararnir tekið til starfa við ýmiss konar skipulagsstörf, enda í mörg horn að líta.